

Landsframleiðslan 2005 – áætlun

Gross Domestic Product 2005 – provisional data

Samantekt Áætlanir Hagstofunnar sýna að landsframleiðslan á árinu 2005 varð 996 milljarðar króna og óx að raungildi um 5,5% frá fyrra ári. Þessi vöxtur kemur í kjölfar 8,2% vaxtar á árinu 2004 og 3,0% vaxtar 2003. Hagvöxturinn á árinu 2004 reyndist mun meiri en bráðabirgðatölur í september sýndu, eða 8,2% í stað 6,2%. Skýringanna er fyrst og fremst að leita í meiri fjárfestingu atvinnuvegganna en áður var talið.

Vegna batnandi viðskiptakjara frá fyrra ári og minni nettó vaxta- og arðgreiðslna til útlanda uxu þjóðartekjur á árinu 2005 nokkru meira en landsframleiðslan eða um 6,7%.

Vöxtur landsframleiðslunnar á liðnu ári einkenndist af mikilli fjárfestingu, sem óx um 34,5%, og einkaneyslu sem óx um 11,9%. Þjóðarútgjöldin uxu því langt umfram landsframleiðsluna eða um 14,9% og leiddi það til verulegs viðskiptahalla sem nam 162,3 milljörðum króna, 16,3% af landsframleiðslu. Árið áður varð hallinn 9,2% af landsframleiðslu. Þróun helstu hagstærða á árinu 2005 varð því á ýmsan hátt lík því sem hún var næstu tvö ár á undan en þó meiri að vöxtum.

Samhliða þeim áætlunum, sem nú birtast, hefur Hagstofan tekið upp nýjar aðferðir við mat á reiknaðri bankþjónustu og ná þær breytingar aftur til 1980. Byggt er á ákvörðunum Evrópusambandsins í þessum efnum en öll löndin á Evrópska efnahagssvæðinu eru að taka upp þessar nýju aðferðir í ár og á næsta ári. Áformað hafði verið að taka þær upp hér heima í september 2005 samhliða ýmsum öðrum breytingum sem þá voru gerðar, en verkið sóttist hægar en að var stefnt og því tókst ekki að ljúka því þá. Hinar nýju aðferðir sem nú eru teknar upp, fela það í sér að leitast er við að dreifa þeirri þjónustu sem lánafyrirtæki veita hinum ýmsu aðilum í þjóðarbúskapnum með því að annast miðlun á fjármagni. Áður hafði þessari þjónustu ekki verið dreift eftir viðtakendum heldur var hún öll færð á atvinnureksturinn. Nú er þjónustunni dreift á heimilin, opinbera starfsemi, innlendan atvinnurekstur og þjónustuviðskipti við útlönd. Þessi breyting veldur því að landsframleiðslan á verðlagi hvers árs hækkar um nálægt 1% flest árin. Áhrifin á hagvöxt eru hverfandi en skipting landsframleiðslunnar eftir atvinnugreinum tekur nokkrum breytingum. Ástæðan er sú að þjónusta, sem áður var dregin óskipt frá framleiðslunni í heild, dreifist nú á einstakar atvinnugreinar. Byggt er á ítarlegum útreikningum fyrir tímabilið 1996-2004 og áætlunum fyrir 2005 en aðferðir eru mun ótraustari fyrir tímabilið 1980-1995.

Nánari grein er gerð fyrir þessum breytingum aftur í þessu hefti Hag tíðinda.

*Hagvöxtur 5,5% á árinu 2005,
8,2% árið 2004*

Hagstofan birtir nú fyrstu tölur sínar yfir þjóðhagsreikninga fyrir allt árið 2005. Hér er um að ræða áætlun sem verður næst endurskoðuð í september. Samhliða þessum áætlunum hafa niðurstöður um hagvöxt fyrri ára breyst talsvert, einkum árið 2004.



Þá valda nýjar aðferðir við mat á reiknaðri bankaþjónustu því að nokkrar tímaraðir breytast allt aftur til 1980. Hér er um að ræða einkaneyslu, samneyslu, útflutning og innflutning á þjónustu og aðföng atvinnurekstrarins.


Áætlanir sýna að landsframleiðslan á liðnu ári varð 996 milljarðar króna en það er 79 milljarða eða 8,6% hærrí fjárhæð en árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga óx landsframleiðslan að raungildi um 5,5%. Endurskoðaðar tölur fyrir árið 2004 sýna 8,2% hagvöxt í stað 6,2% eins og áætlað var í september. Skýringanna er fyrst og fremst að leita í mun meiri fjárfestingu en áður var talið en hún óx um 29,1% í stað 21,0% samkvæmt bráðabirgðatölum í september. Betri heimildir liggja nú fyrir, einkum heildarniðurstöður úr ársreikningum fyrirtækja, en þau gögn voru ekki tiltæk á liðnu hausti.

Meiri vöxtur þjóðartekna

Við mat á afkomu þjóðarbúsins eru þjóðartekjur ekki síður áhugaverð stærð en landsframleiðslan, þar sem í þeim er tekið tillit til breytinga á viðskiptakjörum þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og til streymis launa- og eignatekna til og frá útlöndum (að stærstum hluta vaxta- og arðgreiðslur). Á árinu 2005 bötnuðu viðskiptakjör nokkuð eða um 0,4% af landsframleiðslu fyrra árs. Verð á útfluttum vörum og þjónustu lækkaði um 4,3% í íslenskum krónum en verð á innfluttum vörum og þjónustu lækkaði nokkru meira eða um 5,3%.

Mynd 1. Vöxtur landsframleiðslu

Figure 1. GDP growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2004 og áætlun fyrir árið 2005. Preliminary figures 2004 and estimated figures 2005.


Að teknu tilliti til þessara breytinga, svo og minna nettó streymis launa- og eignatekna til útlanda, er niðurstaðan sú að þjóðartekjur á árinu 2005 hafi aukist um 6,7% að raungildi. Á árinu 2004 varð framvindan á annan veg, viðskiptakjör versnuðu en nettóstreymi launa- og eignatekna til útlanda jókst til muna. Þjóðartekjur jukust því talsvert minna eða um 5,8% þrátt fyrir 8,2% vöxt landsframleiðslu.

Fjárfesting og einkaneysla bera uppi hagvöxtinn

Vöxt landsframleiðslunnar á liðnu ári má öðru fremur rekja til aukinnar fjárfestingar, líkt og á árunum 2004 og 2003. Einkaneysla óx einnig verulega, sérstaklega á árinu 2005. Á móti vegur að nokkru aukinn innflutningur, langt umfram aukinn útflutning. Að þessu leyti svipar þróuninni til árána 1998 og 2003-2004 en á árinu 2001 var hagvöxtur aftur á móti drifinn af miklum vexti útflutnings.

Mynd 2. Magnvísitala landsframleiðslu og þjóðartekna

Figure 2. GDP and GNI, volume indices




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2004 og áætlun fyrir árið 2005. Preliminary figures 2004 and estimated figures 2005.

Á árinu 2005 óx einkaneysla um 11,9% að raungildi og kom sá vöxtur í kjölfar 7,2% vaxtar á árinu 2004 og 5,9% vaxtar á árinu 2003. Aftur á móti dróst einkaneyslan saman næstu tvö ár þar á undan, um 1,6% á árinu 2002 og 3,0% á árinu 2001.

Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 3. Contribution to growth by expenditure items



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2004 og áætlun fyrir árið 2005. Preliminary figures 2004 and estimated figures 2005.

Undanfarinn hálfan annan áratug hefur vöxtur einkaneyslu að mestu haldist í hendur við vöxt landsframleiðslu, þó með nokkrum undantekningum, það er á árunum 1998 og 1999, 2003 og sérstaklega 2005. Á árinu 2005 var einkaneyslan 68% meiri en hún var á árinu 1990 en á sama tíma hefur landsframleiðslan vaxið um 54%. Mannfjöldinn óx á sama tíma um tæp 16%. Einkaneysla á mann hefur því aukist um 45% en landsframleiðsla um 33%.


Einkaneysla 60,2% af landsframleiðslu

Hlutfall einkaneyslu af landsframleiðslu reyndist vera 60,2% á árinu 2005 og hefur ekki verið hærra frá því árið 2000. Í sögulegu samhengi er þetta hlutfall hátt því undanfarinn aldarfjórðung hefur það aðeins í sex skipti verið hærra. Í töflu 4 er sýnd samsetning einkaneyslu eftir útgjaldaflokkum undanfarin fjögur ár og árin 1990 og 1995.

Einkaneysla er flokkuð í 12 aðalflokka samkvæmt alþjóðlegu flokkunarkerfi COICOP (Classification of Individual Consumption by Purpose). Í töflunni kemur fram hve vægi mat- og drykkjarvöru hefur minnkað í útgjöldum heimilanna. Það var 23,7% á árinu 1990 en er nú komið niður í 15,4%. Þá hefur vægi fatnaðar minnkað um nærri helming. Á móti kemur að útgöld til samgangna og fjarskipta hafa aukist um nærri 50%.

Mynd 4. Magnvísitala einkaneyslu og landsframleiðslu

Figure 4. Private final consumption and GDP, volume indices



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2004 og áætlun fyrir árið 2005. Preliminary figures 2004 and estimated figures 2005.

Samneysla 24,7% af landsframleiðslu

Samneysla óx um 3,2% á liðnu ári og er það svipaður vöxtur og undanfarin ár, að árinu 2003 undanskildu. Sem hlutfall af landsframleiðslu var samneyslan 24,7% eða svipuð og árið áður en nokkru lægri en tvö árin þar á undan. Í sögulegu samhengi hefur þetta hlutfall verið hærra undanfarin fjögur ár en nokkru sinni. Í töflum 9–11 er sýnt yfirlit yfir tekjur og gjöld hins opinbera í heild 2000–2005 með líkum hætti og áður.


Mikill vöxtur í atvinnuvegafjárfestingu

Fjárfesting jókst á síðasta ári um 34,5% og er það mikil aukning þriðja árið í röð. Nú er áætlað að fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu verði 28,7% og leita þarf aftur til ársins 1976 til að finna viðlíka hlutfall. Á árinu 2004 var þetta hlutfall 23,5%. Mestur vöxtur var í atvinnuvegafjárfestingu en hún jókst um 56,9%, en aukninguna má að stærstum hluta rekja til framkvæmda í stóriðju- og orkuverum. Nærri helming af allri fjárfestingu atvinnuveganna á árinu 2005 má rekja til þessara tveggja atvinnugreina.

Áfram varð mikill vöxtur í fjárfestingu í íbúðarhúsnæði en á árinu 2005 er hún talin hafa vaxið um 10,3%. Samdráttur varð aftur á móti í fjárfestingu hins opinbera um 13,5% á árinu 2005.

Mynd 5. Hlutfur stærstu atvinnugreina í atvinnuvegafjárfestingu ársins 2005


Figure 5. The share of the top 4 main investors of total business sector investment 2005



Tölur um fjárfestingu í íbúðarhúsnæði á árunum 2002–2005 hafa tekið nokkrum breytingum frá áður birtum tölum en það má rekja til endurskoðunar á mati á nýfjárfestingu sem unnið var í samvinnu við Fasteignamat ríkisins. Tölur um fjárfestingu atvinnuveganna á árinu 2004 hafa einnig tekið nokkrum breytingum eins og áður er rakið en nú liggja fyrir niðurstöður úr samræmda skattframtali rekstraraðila sem sýndu meiri fjárfestingu en áætlað hafði verið í september.

Mynd 6. Magnbreyting þjóðarútgjalda og landsframleiðslu

Figure 6. GDP and Domestic final expenditure, annual growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2004 og áætlun fyrir árið 2005. Preliminary figures 2004 and estimated figures 2005.

Þjóðarútgjöld aukast langt umfram landsframleiðslu

Þjóðarútgjöldin, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, jukust um 14,9% að raungildi á liðnu ári. Þetta er enn meiri vöxtur en á árinu 2004, en þá jukust þau um 10,4%, og langt umfram vöxt landsframleiðslunnar bæði árin. Þessari miklu aukningu þjóðarútgjalda var að verulegum hluta mætt með mikilli aukningu innflutn-


ings, sem óx um 28,4%. Útflutningur óx einungis um 3,5%, og í heild óx landsframleiðslan um 5,5% eins og áður segir.

Hlutur einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu

Landsframleiðslan hefur hér verið metin með því að meta útgjöld þjóðarþúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til viðskipta við útlönd. Framleiðsluna er einnig unnt að meta með beinum hætti í einstökum atvinnugreinum. Í töflu 8 eru sýndar niðurstöður slíks mats fyrir tímabilið 2000–2005 en þar kemur fram hlutur einstakra atvinnugreina í myndun landsframleiðslunnar. Í töflu 7 eru sýndar magnvísitölur framleiðslunnar í sömu skiptingu á atvinnugreinum. Tölur þessar eru byggðar á framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til ársins 2003, bráðabirgðatölum fyrir árið 2004 og lauslegum áætlunum fyrir árið 2005.

Mynd 7. Hlutfall launa og rekstrarafgangs af landsframleiðslu

Figure 7. The share of labour and capital in GDP



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2004 og áætlun fyrir árið 2005. Preliminary figures 2004 and estimated figures 2005.

Hlutur vinnuafis og fjármagns

Framleiðsluna í skilningi þjóðhagsreikninga má líta á sem samtölu þess sem launþegar bera úr býtum annars vegar og fjármagn og einyrkjar hins vegar. Á árinu 2005 er talið að í hlut launþega hafi komið tæplega 71% af því sem til skiptanna var en fjármagnið og einyrkjar hafi borið úr býtum um 29%. Launahlutfallið á árinu 2005 hefur því hækkað nokkuð frá því sem það var á árinu 2004, þegar það var tæp 67%, og í sögulegu samhengi hefur þetta hlutfall verið hátt undanfarin ár. Launafjárhæðin á árinu 2005 er áætluð með hliðsjón af breytingu á launum samkvæmt staðgreiðsluskrá en jafnframt er tekið mið af hækkun launavísitölu og fjölda starfandi samkvæmt vinnumarkaðskönnun. Launafjárhæðir fyrri ára eru fengnar úr framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til 2003 og bráðabirgðaniðurstöðum þess uppgjors 2004.


Hagvöxtur meiri á Íslandi en í OECD ríkjum undanfarin ár

Öll árin 1996–2001 var hagvöxtur meiri á Íslandi en í OECD ríkjunum í heild. Samdráttur varð hins vegar hér á landi á árinu 2002 um 1,0% en 1,5% vöxtur hjá OECD ríkjunum í heild. Á árinu 2003 varð 2,1% hagvöxtur í aðildarríkjum OECD í heild samanborið við 3,0% vöxt á Íslandi og á árinu 2004 varð 3,3% vöxtur í OECD ríkjunum en 8,2% hér á landi. Á liðnu ári varð vöxturinn hér 5,5% eins og Hagstofan áætlar hann nú en í OECD ríkjunum í heild er hann talinn hafa verið 2,7%. Miklar sveiflur hafa einkennt hagþróunina á Íslandi og framan af tíunda áratugnum var vöxturinn hér á landi til muna lægri en í OECD ríkjunum í heild. Ef

litið yfir allt tímabilið 1990-2005 þá reyndist árlegur meðalvöxtur á Íslandi 2,9% en 2,5% í OECD ríkjum í heild.

Mynd 8. Hagvöxtur á Íslandi og í OECD ríkjum

Figure 8. GDP annual growth rate in Iceland and OECD



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2004 og áætlun fyrir árið 2005. Preliminary figures 2004 and estimated figures 2005.

Endurskoðun aðferða vegna reiknaðrar bankaþjónustu (FISIM)

Í september á síðasta ári kynnti Hagstofan viðamikla endurskoðun á þjóðhagsreikningum sem náði aftur til ársins 1990 og að nokkru til ársins 1980. Sú endurskoðun fólst meðal annars í því að tekin var upp árleg keðjutenging við útreikning á magnbreytingum, brotum í tímaröðum aftur til 1980 var eytt þannig að raðirnar urðu samfelldar o.fl. Samhliða þessum breytingum hafði einnig verið að því stefnt að taka upp nýjar aðferðir við mat á reiknaðri bankaþjónustu (FISIM) en það verk sóttist hins vegar hægar en að var stefnt og reyndist því óhjákvæmilegt að fresta því. Verkinu er hins vegar lokið nú og hefur bankaþjónustan verið endurreiknuð aftur til ársins 1980. Byggt er á reglum og vinnuaðferðum sem Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) hefur mótað.

Hvað er FISIM?

FISIM er skammstöfun á hugtakinu „Financial Intermediation Services Indirectly Measured“ og hefur verið kallað **reiknuð bankaþjónusta** á íslensku. Hér er um að ræða þá þjónustu sem lánaþyrirtæki veita. Í meginatriðum getur hún verið tvenns konar. Annars vegar er um að ræða þóknanir. Þær eru skráðar beint í reikningum bankanna og mat á þeim er yfirleitt engum vandkvæðum bundið. Hins vegar veita lánaþyrirtæki þjónustu með því að miðla fjármagni frá þeim, sem það eiga, til hinna, sem þurfa á því að halda. Þessi þjónusta kemur fram sem mismunur á fjáreignatekjum (útlánsvöxtum) og fjármagnsgjöldum (innlánsvöxtum) en er ekki skráð með beinum hætti á þá aðila sem njóta þjónustunnar. Hana verður því að meta á óbeinan hátt og þar kemur FISIM til skjalanna.

Í þjóðhagsreikningum á þessi þjónusta að deilast á aðföng atvinnurekstrarins, einkaneyslu heimila og samtaka, samneyslu, útflutning og innflutning. Áður en vinna hófst við mótun nýrra aðferða við útreikning á FISIM hafði ekki tekist að finna viðhlítandi aðferðir til þess að deila þjónustunni milli þessara liða. Þess í stað var öll þjónustan skráð sem aðföng í gerviatvinnugrein sem var ekki með neina framleiðslu (output), aðeins þessi aðföng og jafnhátt neikvætt vinnsluvirði. Almenn var viðurkennt að hér væri um nálgunaraðferð að ræða og vissa leið-

réttingu sem þó leiddi til vanmats á landsframleiðslunni. Hinn kosturinn að hafa engan leiðréttingarlið var þó álitinn sýnu verri því þá væri bankaþjónustan tvítalin, annars vegar sem hluti af vinnsluvirði lánaþyrirtækja en einnig sem hluti af vinnsluvirði annars atvinnurekstrar þar sem vaxtakostnaður fyrirtækja er ekki hluti af aðföngum heldur vinnsluvirði.

Hverjir framleiða FISIM?

Þeir aðilar sem taldir eru framleiða FISIM eru viðskiptabankar, sparisjóðir og ýmis lánaþyrirtæki eins og fjárfestingalánasjóðir, Íbúðalánasjóður og Lánasjóður sveitarfélaga. Aftur á móti eru ekki meðtaldir verðbréfa- og hlutabréfasjóðir, fjárfestingarsjóðir, kortaþyrirtæki, lífeyrissjóðir og tryggingafélög. Þessi skilgreining fellur að liðnum „lánaþyrirtæki“ í lánaflokkun Seðlabankans.

Talnaefni sem þarf við útreikning á FISIM

Útreikningar á bankaþjónustu samkvæmt hinum nýju aðferðum krefjast viðamikilla gagna og sundurliðun efnisins með ákveðnum hætti. Þörf er á upplýsingum um eftirfarandi liði fyrir lánaþyrirtæki:

- Fjáreignatekjur (útlánsvexti) innlánsstofnana eftir lántakendum, þ.e. geirum hagkerfisins skv. þjóðhagsreikningum.
- Fjármagnsgjöld (innlánsvexti) innlánsstofnana eftir lánveitendum, þ.e. geirum hagkerfisins.
- Viðmiðunarvexti („reference rate“ of interest) sem skiptast í tvennt:
 - Innlanda viðmiðunarvexti (internal reference rate).
 - Erlenda viðmiðunarvexti (external reference rate).
- Stofn vaxtaberandi eigna og skulda.

Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld

Vandamál varðandi mat á fjáreignatekjum og fjármagnsgjöldum er að hvorug þessara stærða er tiltæk í aðgengilegu formi, hvorki eftir einstökum útlánaformum né lánaflokkun.

Að auki eru útlán í mismunandi gjaldmiðlum en þess er þó gætt að jafnvægi sé á eignum og skuldum eftir flokkum. Eignir og skuldir í íslenskum krónum standast ekki á. En meðal innlendra eigna eru hlutabréf og fasteignir en slíkar eignir eru ekki vaxtaberandi við útreikning á bankaþjónustu.

Leitast er við að láta verðtryggðar eignir og skuldir í íslenskum krónum standast á en eignir og skuldir í mismunandi gjaldmiðlum standast á.

Þar sem ekki liggja fyrir nægilega sundurliðaðar tölur um fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld eftir útláns- og innlánsformum skipt á geira hagkerfisins þarf að nota ásættanlegar nálgunaraðferðir. Aftur á móti liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um stöðustærðir eigna og skulda eftir lánþegum og lánveitendum. Ákveðið var að byggja á þeim og áætla fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld sem margfeldi vaxtaþrósentu og stöðustærðar. Sem vaxtaþrósentu var ákveðið að miða við virka vexti af vaxtaberandi eignum og skuldum á íslenskum lánamarkaði. Vextina reiknar Fjármálaeftirlitið (FME) á grundvelli gagna frá viðskiptabönkunum og 6 stærstu sparissjóðunum.

Útreikningar FME á vöxtum af eignum og skuldum miðast við:

- Heildarvexti af öllum vaxtaberandi eignum, þ.e. vaxtatekjur.
- Heildarvexti af öllum vaxtaberandi skuldum, þ.e. vaxtagjöld.

Af því leiðir að mismunatala verður vaxtamunur en það eru tekjur innlánsstofnana af miðlun fjármagnsins. Þessar tekjur eru jafnframt kostnaður lántakenda og lánveitenda, sem þarf að skipta upp á milli þeirra. Við þá skiptingu gegna viðmiðunarvextir lykilhlutverki.

*Valkostir um viðmiðunarvexti
hér á landi*

Í handbók Sameinuðu þjóðanna um þjóðhagsreikninga, System of National Accounts 1993 (SNA 1993), eru viðmiðunarvextir skilgreindir í grein 6.128 sem „pure cost of borrowing funds“, þ.e. hreinn lántökukostnaður án nokkurs áhættuálags og þóknunar fyrir að miðla fjármagni. Í SNA er bent á að nota millibankavexti (Inter Bank Lending Rate) í þessu skyni. Það varð og niðurstaðan úr tilraunaverkefni aðildarlanda Evrópusambandsins við mótun aðferða við uppskiptingu á bankaþjónustu.

FISIM vegna útlána reiknast síðan sem mismunur útlánsvaxta og viðmiðunarvaxta en FISIM vegna innlána reiknast sem mismunur á viðmiðunarvöxtum og innlánsvöxtum. FISIM í heild er samtala af FISIM vegna útlána og innlána.

Við ákvörðun viðmiðunarvaxta hér á landi voru þrjú möguleikar kannaðir. Þeir voru:

- Millibankavextir (REIBOR).
- Vextir af innistæðubréfum í Seðlabanka.
- Stýrivextir Seðlabanka.

Með millibankavöxtum er átt við vexti af lánum í viðskiptum banka sín á milli. Þekkt er LIBOR (London Inter Bank Offering Rate) viðmiðun í lánsviðskiptum. Hér á landi hefur verið reynt að þróa REIBOR markað og í reglugerð Eurostat um viðmiðunarvexti er gert ráð fyrir að nota millibankavexti. Millibankavextir myndast á markaði lánastofnana með laust fé. Markaður fyrir millibankalán er mjög takmarkaður hér á landi og virðist fyrst og fremst vera virkur á daglána-markaði. Á grundvelli þessa eru millibankavextir ekki taldir koma til álita sem viðmiðunarvextir.

Annar möguleiki er að nota vexti af innistæðubréfum í Seðlabanka sem nálgun við millibankavexti. Þeir vextir liggja nærri millibankavöxtum en skráning þeirra er aftur á móti mun nákvæmari en skráning millibankavaxta. Bæði þessi lánsform uppfylla það skilyrði að sýna vexti í áhættulausum viðskiptum. Á móti kemur að vaxtaþrósetan í þessum viðskiptum ræðst af vöxtum á innlendum markaði en vextir í innlendum bankaviðskiptum taka einnig mið af vöxtum á endurlánuðu erlendu fé. Vextir af innistæðubréfum verða því háir í samanburði við útlánsvexti og sum árin raunar hærri en útlánsvextir. FISIM á útlán verður því óeðlilega lágt. Af þeirri ástæðu var ekki talið fært að nota vextir af innistæðubréfum.

Þriðji möguleiki er að nota stýrivexti Seðlabanka, en það eru vextir Seðlabanka í viðskiptum við lánastofnanir með endurhverfanleg verðbréf, þ.e. ríkisskuldabréf. Stýrivextirnir eru á mjög virkum markaði með skammtímalán hjá Seðlabanka þar sem undirliggjandi eign í viðskiptum eru ríkisskuldabréf. Stýrivextir hafa fyrst og fremst áhrif á skammtíma vexti á lánamarkaði. Í töflu 1 sést að ársmeðaltöl stýrivaxta Seðlabanka eru stundum fyrir ofan reiknað meðaltal útlánsvaxta á árinu. Við þessar aðstæður eru stýrivextir Seðlabanka ónothæfir sem viðmiðunarvextir.

Með hliðsjón af því að hvorki millibankavextir, vextir af innistæðubréfum né stýrivextir Seðlabanka voru taldir nothæfir varð niðurstaðan sú að nota sem við-

miðunarvexti meðaltal virkra útláns- og innlánsvaxta eins og Fjármálaeftirlitið hefur reiknað þá og lýst er hér að framan.

Til álita kemur hvort viðmiðunarvextir eigi að vera í miðju bilinu eða nær útláns- eða innlánsvöxtum. Hér er þess að geta að ekki liggja fyrir upplýsingar um þrýsting á vexti, það er hvort vegur þyngra, þrýstingur niður með framboði á lánsfé, eða upp með eftirspurn eftir lánsfé. Því eru viðmiðunarvextir ákveðnir sem meðaltal útláns- og innlánsvaxta eins og FME hefur reiknað þá.

Tafla 1. Útláns- og innlánsvextir 1995–2004

Table 1. Lending and deposit interest rates 1995–2004

%					
<i>Percent</i>	Vextir af innistæðubréfum í Seðlabanka <i>Interest on Central bank CD</i>	Stýrivextir <i>Policy rate (Repo rate)</i>	Útlánsvextir <i>Banks lending rate</i>	Innlánsvextir <i>Banks deposit rate</i>	Meðaltal út- og innlánaxta <i>Average of Banks lending and deposit rate</i>
1995			8,95	4,82	6,88
1996			8,85	4,93	6,89
1997	6,70	6,82	8,63	5,02	6,82
1998	7,00	7,15	7,84	4,77	6,30
1999	7,77	8,02	9,00	6,06	7,53
2000	9,95	10,19	9,53	6,85	8,19
2001	10,59	10,75	10,68	7,73	9,21
2002	7,93	8,18	7,64	5,06	6,35
2003	4,85	5,11	6,39	3,83	5,11
2004	5,42	5,78	5,76	3,47	4,62

Vert er að vekja athygli á því að hér er um talsverða einföldun að ræða en vandséð er að önnur og betri nálgunaraðferð sé tiltæk. Svo virðist sem fordæmi sé fyrir þessari eða áþekkri aðferð hjá að minnsta kosti einu aðildarríki Evrópusambandsins, þ.e. Þýskalandi.

Frá þeirri aðalreglu að skipta vaxtamuni jafnt milli eigna- og skuldaliða eru þó gerðar tvær undantekningar. Annars vegar er vaxtamunur í viðskiptum Íbúðalásjóðs (áður Byggingasjóðs) reiknaður sérstaklega á grundvelli upplýsinga frá Íbúðalánasjóði um vaxtamun. Hins vegar er vitað að vaxtaálag á erlend lán er mjög lítið.

Að því er varðar vaxtamun af erlendum lánum þá er í reynd komið að því að ákvarða erlenda viðmiðunarvexti. Unnt er að fara nærri um vexti af erlendum lán- um á grundvelli talna um vaxtagreiðslur til útlanda og erlendar skuldir. Þær tölur sýna vaxtaþrósentur sem eru mun lægri en viðmiðunarvextir sem styður það að vaxtaálag á erlend lán sé mjög lítið. Við ákvörðun þessa vaxtaálags koma í megin atriðum tvær leiðir til álita. Önnur er sú að líta á erlenda viðmiðunarvexti hjá öðrum þjóðum. Hin leiðin er að lækka vaxtamuninn um ákveðna prósentu.

Kannaðir voru erlendir viðmiðunarvextir hjá 7 þjóðum, þ.e. Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Belgíu, Hollandi, Lúxemborg og Frakklandi fyrir tímabilið 1995-2003. Til samanburðar voru einnig teknir vextir af erlendum lánum þjóðarbúsins. Niðurstöður sýndu að nokkur ár voru meðalvextir af erlendum lánum Íslands lægri en erlendir viðmiðunarvextir og samkvæmt því yrði FISIM neikvætt. Með hliðsjón af þessu var ákveðið var að byggja ekki á þessari aðferð en þess í stað að lækka

meðal vaxtamuninn af erlendum lánunum um ákveðna prósentu og var ákveðið að miða við 75%. Vaxtamunur á útlán lánaþyrirtækja var hækkaður á móti.

Lækkandi vaxtamunur

Tölurnar hér að framan sýna lækkandi útlánsvexti, innlánsvexti og vaxtamun. Á liðnum árum hefur vaxtamunur í prósentum minnkað og niðurstöðutölur efnahagsreiknings hækkað. Ástæður þess eru af þrennum toga:

- Innlendar lántökur fjármálastofnana hafa aukist og vaxtamunur er minni en í hefðbundnum innlánunum.
- Erlendar lántökur hafa aukist mjög og vaxtamunur af erlendum eignum og skuldum er mjög lítill.
- Fjármálastofnanir hafa eignast markaðsverðbréf, þ.e. skuldabréf útgefin af Ríkissjóði og Íbúðalánasjóði, en slík bréf eru andlag í endurhverfanlegum viðskiptum við Seðlabanka. Markaðsverðbréf útgefin af Ríkissjóði og Íbúðalánasjóði í eigu fjármálastofnana eru í raun hluti af lausafjárstýringu fjármálastofnana
- Undirliggjandi eignir vegna framvirkra samninga um kaup og sölu á erlendum gjaldeyri koma fram á báðum hliðum efnahagsreiknings og með óverulegum vaxtamun.

Lánastofn innlána og útlána

Tölur um flokkun útlána og eigna eru unnar úr Hagtölum Seðlabanka Íslands, sem birtar eru á heimasíðu bankans. Upplýsingar um útlán eru samkvæmt birtri útlánaskiptingu. Skipting innlána eftir atvinnugreinum er aðeins til fyrir árin 2003 og 2004. Innlánaskipting fyrri ára er því áætluð og er þar byggt á meðaltali árána 2003 og 2004.

Upplýsingar um lántökur og aðrar eignir eru að finna í birtum tölum á heimasíðu Seðlabanka (hagtölur) undir liðunum „Reikningar innlánsstofnana“ og „Efnahagsyfirlit ýmissa lánaþyrirtækja“.

Tölur um útlán eru þrenns konar:

- Hefðbundin útlán banka og er markaðskuldabréfum skipt upp sérstaklega
- Hefðbundin útlán lánaþyrirtækja, með markaðsverðbréfum.
- Aðrar vaxtaberandi eignir.
 - Inneign eða skuld í Seðlabanka.
 - Markaðsverðbréf, líklega mest ríkisskuldabréf og skuldabréf Íbúðalánasjóðs.
 - Aðrar vaxtaberandi eignir, einkum á reikningum í Seðlabanka og erlendar eignir.

Lántökum og öðrum vaxtaberandi skuldaliðum er skipt upp eins og upplýsingar leyfa:

- Innlendar lántökur eru að stærstum hluta frá lífeyrissjóðum og að takmörkuðu leyti í eigu einstaklinga að því er telja má líklegast.
- Skuld í Seðlabanka.
- Erlendar lántökur eru tvískiptar; lántökur og önnur lán.
 - Lántökur eru umsamin lán til lengri tíma, 3-5 ár.
 - Önnur lán eru mjög sennilega reikningsskuldir til skamms tíma.

Útreikningur á FISIM

Þegar fyrir liggja tölur um viðmiðunarvexti og lánastofn innlána og útlána er unnt að reikna út FISIM. Þar sem viðmiðunarvextir eru ákveðnir mitt á milli útláns- og innlánsvaxta verður FISIM margfeldi af meðal lánastofni hvers árs og helmingi

vaxtamunar í prósentum. Meðal lánastofn hvers árs er reiknaður sem meðaltal stöðutalna í upphafi og lok hvers árs. FISIM er reiknað á skuldir og eignir innlánsstofnana í þeirri mestu sundurliðun lánaflökkunar sem tiltæk er. Samtalan sýnir FISIM í heild og hana má bera saman við fyrri aðferðir þar sem FISIM er reiknað sem vaxtamunur innlánsstofnana eins og hann kemur fram í ársreikningum þeirra. Niðurstöður fyrir tímabilið 1996-2003 sýna að flest árin er munurinn innan við 5% en tvö ár skera sig úr, 1996 og 2003.

Þóknanir Fjármálaeftirlitið tekur saman sérstakt yfirlit um þóknanatekjur. Þóknanir í viðskiptum, þ.e. færslugjöld, útskriftargjöld og lántökugjöld, eru ekki meðtalin í FISIM útreikningum. Þær þarf því að meta sérstaklega og er þá byggt á fyrirbyggjandi gögnum úr reikningum Fjármálaeftirlitsins. Við dreifingu þeirra á atvinnugreinar var ætlunin að hafa hliðsjón af upplýsingum úr stöðluðu skattframtali rekstraraðila en slíkar þóknanir á að aðgreina frá vöxtum og færa í reit 3650 á framtali. Þar eiga að koma fram upplýsingar um annan fjármagnskostnað, þ.m.t. þjónustukostnað og innheimtukostnað banka og greiðslukortafyrirtækja, þinglýsinga- og stimpilgjöld. Hins vegar kemur í ljós að þær fjárhæðir sem færðar eru í reit 3650 á skattframtali eru 10-15% af þeim þóknunum sem fram koma hjá Fjármálaeftirlitinu. Því var ákveðið að dreifa þóknunum samkvæmt Fjármálaeftirlitinu á atvinnugreinar eins og FISIM, þ.e. hlutfallslega eftir vergum þáttatekjum. Þá er við það miðað að 85% af þóknunum lendi á atvinnurekstrinum en 15% á heimilum.

Útflutningur og innflutningur á FISIM

Í lánaflökkun lánaafyrirtækja, bæði innlánnum og útlánnum, eru erlendir aðilar. Bankaþjónusta sem reiknast samkvæmt lánaflökkun á erlenda aðila er útflutningur. Innflutningur á FISIM er áætlaður 0,175% af erlendum lántökum. Samkvæmt vísbendingum má ætla að vextir af erlendum lánum í „Medim Term Notes“ (MTN) samningum, séu að meðaltali 17,5 punktum yfir LIBOR. Þetta FISIM er innfalið í skuldavöxtum banka vegna erlendra lána. Innflutt FISIM er hrein viðbót við FISIM, sem reiknast út frá vaxtamun í gögnum málsins. Innflutt FISIM er hluti af erlendum vöxtum.

Uppskipting á FISIM á atvinnugreinar, einkaneyslu og samneyslu

Flokkun á stofni vaxtaberandi eigna og skulda hjá lánaafyrirtækjum er notuð til þess að áætla þann hluta af FISIM sem lendir á heimilum og hinu opinbera, þ.e. samneyslunni. Hlut heimilanna er svo skipt þannig að allt FISIM vegna eigna heimila er sett á einkaneyslu en FISIM vegna skulda er skipt þannig að 70% lenda á íbúðarhúsnæði, 25% á neyslu og 5% á atvinnurekstri einstaklinga. Sá hluti FISIM sem lendir á samneyslu er áætlaður með hliðsjón af lánaflökkun lánaafyrirtækja. FISIM vegna útflutnings og innflutnings er áætlað eins og lýst er hér að framan.

Því sem eftir stendur af FISIM er skipt á atvinnugreinar. Þeirri megin reglu er fylgt að FISIM er skipt hlutfallslega eftir vergum þáttatekjum.

Bakreikningur á FISIM aftur til 1980

Við útreikning á FISIM aftur til 1980 er byggt á mun einfaldari aðferðum. Fyrst er áætlað FISIM í heild. Það er gert með því að byggja á meðalhlutfalli milli nýja FISIM og áður birts hlutfalls fyrir árin 1996–2003. Þeirri fjárhæð þarf síðan að skipta upp á milli einkaneyslu, samneyslu, útflutnings, innflutnings og aðfanga atvinnurekstrarins. Fyrir liggur hver reyndist innbyrðis skipting á FISIM milli þessara liða á árunum 1996-2004 og einnig hvert var hlutfall FISIM af hverjum þessara liða sömu ár. Tekið er mið af hvoru tveggja.

FISIM á föstu verði

FISIM á föstu verði er reiknað með þeim hætti að FISIM hvers árs er fært til verðlags fyrra árs og er þá byggt á verðbreytingu þjóðarútgjalda. Þeirri fjárhæð er síðan breytt með hlutfallinu á milli vaxtamunar hvers árs og fyrra árs og þannig

fæst árleg magnbreyting á FISIM samkvæmt keðjutengingu. Þessari aðferð er beitt fyrir tímabilið 1995–2004. Fyrri ár, það er 1980–1994, eru reiknuð með einfaldari hætti enda eru ekki tiltækar sambærilegar tölur um vaxtamun á þessu tímabili. Því er byggt á meðalvaxtamun árána 1996 og 1997.

Áhrif FISIM á landsframleiðslu

Eins og vænta má leiða þær breytingar sem hér hafa verið kynntar til nokkurrar hækkunar á landsframleiðslu. Ástæðan er sú að hluti þeirrar bankaþjónustu, sem áður var færður sem aðföng atvinnurekstrar, kemur nú fram sem hækkun á einkaneyslu, samneyslu, útflutningi og innflutningi. Í heild hækkar landsframleiðsla hvers árs um eða rétt innan við 1% á verðlagi hvers árs. Einkaneyslan hækkar mest eða um eða yfir 1,2% en þó ívið meira síðustu árin. Þá breytist hlutur einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu nokkuð þar sem bankaþjónustan í heild var dregin óskipt frá atvinnugreinunum í heild, en nú er þeim hluta bankaþjónustunnar sem lendir á atvinnugreinunum, skipt á einstakar greinar.

Ítarlegra talnaefni á netinu

Auk þess talnaefnis, sem hér birtist í Hagtíðindum, má vísa til ítarlegs talnaefnis á heimasíðu Hagstofunnar. Þar er að finna langar tímaráðir um flesta þætti þjóðhagsreikninga. Eins og fram hefur komið hér að framan þá hefur talnaefnið nú breyst allt aftur til ársins 1980 en þó eru breytingar fram til ársins 2000 óverulegar og snerta fyrst og fremst fjárhæðir á verðlagi hvers árs.

Þær tölur um árið 2005, sem nú birtast, verða næst endurskoðaðar um miðjan september 2006 og þá birtar í Hagtíðindum.

English summary

5.5% growth in GDP in 2005,
8.2% in 2004

